

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-89/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. júlí sl. bað A, f.h. B, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup vegna leðurinnréttinga í bifreið sem hann kveðst hafa keypt af fyrirtækinu C. Reikningur frá seljanda, dags. 31. mars sl., er að fjárhæð kr. 200.000 en kröfu álitsbeiðanda verður að skilja svo að hann vilji ekki greiða meira en kr. 120.000 fyrir kaupin en þá fjárhæð mun hann nú þegar hafa greitt. Í álitsbeiðni kemur reyndar fram að álitsbeiðandi segist sjá tvær aðrar leiðir til að leysa ágreininginn og er þeim lýst í niðurlagi kafla III.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum sem bárust 18. júlí. Með bréfi, dags. 19. júlí sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þau 29. júlí. Með bréfi, dags. 23. ágúst sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist nýlega hafa keypt jeppa til afnota í ferðaþjónustu og hafi hann verið með plussáklæðum. Hann hafi haft hug á að setja leðursæti og innréttingar í bifreiðina og hafi sér vegna þess verið bent á C og þangað hafi hann farið. D sem reki verkstæðið hafi boðið sér sæti og innréttingar sem hann hafi sagt vera sem ný. Hann hafi ekki fengið að sjá sætin og innréttingar sem hafi víst ekki verið á staðnum heldur þær sem voru í bifreið D sem hann hafi sagt að litu út eins og sætin sem hann hefði til sölu. Sætin í bifreið D hefðu litið út sem ný og kveðst álitsbeiðandi hafa verið alsæll með það. D hefði sagt að allar rafmagnstengingar væru til staðar í bifreið álitsbeiðanda enda þótt ekki væru rafsæti í bílnum. D hefði sagt að allar tengingar fyrir rafmagn í sætum væru í bifreið álitsbeiðanda enda þótt sætin sem í henni voru væru ekki hituð með rafmagni.

Álitsbeiðandi kveðst hafa sagt D að hann treysti sér ekki sjálfur til þess að skipta um sætin og innréttingarnar án hjálpar og eftirlits. D hafi boðið sér að gera þetta utan við verkstæðið og vera sér innan handar við verkið og benda honum á hvernig ætti að vinna það sem tæki enga stund. Hann hefði sjálfur verið tvo tíma að vinna eins verk. Álitsbeiðandi kveðst hafa lýst áhuga á að kaupa sætin og innréttingarnar með þessum skilmálum að varan væri sem ný og lítið mál væri að skipta um og ekki síst að D myndi leiðbeina við ísetninguna. D hafi viljað fá kr. 200.000 greiddar og gömlu framsætin úr bifreið álitsbeiðanda og kveðst álitsbeiðandi hafa samþykkt það. Síðan segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„Svo þegar ég kem aftur að setja sætin í bílinn þá byrjum við að hjálpast að við að rífa gömlu sætin úr bílnum mínum og svo kemur D með tjónabílinn með nýju sætunum akandi á lyftara. Bíllinn er algerlega í rúst og búinn að standa úti greinilega í einhvern tíma þar sem sætin voru grútskítug og mygla af óþekktum ástæðum og fúavarnarmálningarslettur í þeim. Þarna voru gömlu sætin komin úr bílnum mínum og D búinn að rífa gólfteppin líka úr bílnum. „Nýju“ teppin voru líka drulluskítug og eitthvað í þeim sem leit út eins og blettir eftir annað hvort ryð eða eitthvað svipað í þeim sem vonlaust er að ná alveg úr.

Þvottur:

Ég benti D á að mér fyndist þetta nú ansi drullugt og hvort hægt væri að þrifa þetta alveg burt. Hann sagði að það væri nú lítið mál. Ég krafðist þess að þetta yrði þvegið áður en þetta yrði sett í bílinn og fór því með innréttinguna í pörtum yfir á þvottastöðina sem er staðsett við hliðina á verkstæði D. Þeir struku það allra versta af innréttingunni m.a. tók þeir eins mikið af myglunni og þeir gátu. En þeir sögðust lítið geta gert í sambandi við blettina á teppunum nema fá að djúphreinsa bílinn yfir nótt. Ég sagði D að ég vildi að hann myndi greiða fyrir djúphreinsun á innréttingunni. Hann féllst á það með semingi. Ég var að fara með túrista í ferð daginn eftir og finnst verra að vera með [??]

Aðstoð við ísetningu:

5 tímum eftir að ég mætti með jeppann þegar öll gamla innréttingin lá í hrúgu á verkstæðisgólfinu og hin var í skyndiþvotti hinu megin við vegginn sagðist D verða að fara. Hann sagðist vera að flýta sér og hefði ekki meiri tíma til að hjálpa mér þar sem hann þyrfti að fara í mat til fjölskyldu sinnar. Ég sagði að þetta þyrfti að vera komið í lag fyrir morgundaginn og þá sagði hann mér að hann myndi hjálpa mér að setja sætin í en ekki hurðahlífarnar og hliðar aftur í skotti. Nóg til að hægt væri að nota hann daginn eftir. Við setjum sætin í (en ekki hliðarspjöldin) með nýju hurðarspjöldin í hrúgu aftur í bílnum.

Rafmagn í sætum:

Á leiðinni í bæinn þegar ég ætlaði að prófa sætahitarann virkar hann ekki og ég átta mig á því skömmu síðar að miðstöðin í bílnum er hætt að virka. Ég hringi í D og segi honum frá þessu. Hann fullyrðir að það að miðstöðin virki ekki geti ekkert komið þessum aðgerðum við. Nágranni minn sem er bifvélavirki kíkir á málið með mér og sér að rafmagnshitarinn í sætunum virkar ekki og slær út öryggi og þar með miðstöðina, hurðalæsingarnar og rafmagnsrúðuopnarana. Ég heyri aftur í D og lausnin sem hann kom með var að: „Taktu þá hitann í sætunum úr sambandi.“

Innréttingar (hurðaspjöld) eru enn ekki komin í bílinn (gömlu spjöldin með plussáklæðinu eru þar enn). Þegar ég ætla að fara að setja þau í kom í ljós að þau passa ekki. Innri hurðaropnararnir eru minni en þeir sem er gert ráð fyrir í nýrri innréttingunni og er því ramminn fyrir hurðaropnarana stærri en þeir og þar með smellpassar þetta alls ekki. Ég benti D á þetta og segist hann þá geta sent mér innri hurðaropnarana úr flakinu. Hann segist samt engan tíma hafa til að hjálpa mér með þetta. Hann skildi hurðaropnarana eftir á partasölu upp á höfða nokkrum dögum síðar eftir eftirgangsmunum. Þá voru þeir í einni hrúgu í plastpoka ásamt tengivírum, merkilegt er að hurðaropnararnir eru ekki einu sinni samstæðir, þeir krómaðir og einn plast.“

Í álitsbeiðni undir liðnum kröfugerð segir eftirfarandi:

„Ég sé þrjár leiðir til að leysa þetta mál. 1. Varan verði afhent eins og henni var lofað og D aðstoði við ísetninguna á því sem uppá vantar í innréttingunni, þ.e. hurðaspjöldum og með réttum hurðaropnurum og tengi sætin þannig að hitarinn í þeim virki. 2. Ég fái annan bifvélavirkja til að aðstoða við ísetninguna og að útvega hurðaropnara sem passa og annað

sem hugsanlega vantar uppá og að kostnaður við þetta dragist frá kaupverðinu. 3. Eða að verulegur afsláttur verði gefinn af kaupverðinu. Mér finnst 120 þúsund meira en sanngjörn upphæð fyrir þá vöru sem ég fékk afhenta (reikningurinn hljóðar upp á 200 þúsund). Sjá greinargerð.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a.þetta:

„Mín hlið á málinu er þessi. Ég tók á móti A og konu hans á verkstæðinu mínu. Þá voru þau að leita að leðurinnréttingu úr E 2000 til 2003 árgerðum. En þá sáu þau bílinn minn sem er árgerð 2000 með innréttingu úr E 2006 og þeim leist vel á hana og spurðu hvort ég ætti slíka innréttingu sem ég og átti. Þau spurðu um verð og ég sagði að slík innrétting kostaði 250.000.- Þá löbbuðu þau út að sínum bíl og ræddu þar saman og komu síðan aftur og buðu mér 200.000.- í innréttinguna sem ég settist á. Síðan spurði A hvort hann gæti fengið aðstöðu fyrir utan verkstæðið hjá mér til að setja innréttinguna í sinn bíl, sem ég sagði að væri í lagi. Síðan kemur A til að setja leðurinnréttinguna í sinn bíl. Ég byrja að rífa innréttinguna úr bílnum mínum allan þann tíma stendur A og er að þurrka ryk og óhreinindi úr hurðarfólsum í bílnum sínum, aðhefst ekkert að rífa innréttinguna úr sínum bíl. Þannig þegar ég er búinn að rífa leðurinnréttinguna úr mínum bíl þarf ég að hjálpa honum að rífa klæðninguna úr A bíl og setja mína klæðningu í hans bíl. Þetta var 4-6 klukkustunda vinna sem ég hefði annars verið að vinna í verkefni á mínu verkstæði. Það gengur ekki að reka verkstæði og vinna frítt fyrir kunnann en ég varð að gera það í þetta sinn þar sem hann hafði ekki neina kunnáttu til þess að skipta um innréttingu í bílnum og vissi greinilega ekki hvað hann var að fara út í. Á meðan ég er að setja innréttinguna í bílinn hans fer hann að kvarta um að innréttingin sé skítug (innréttingin var úr notuðum bíl) þá bauð ég honum að fara á bónstöð sem er til húsa við hliðina á verkstæðinu mínu og hann fór með alla innréttinguna og lét djúphreinsa allt sem ég greiddi síðan kr. 18.000.- A fer frá verkstæði mínu kl. 19.30 þá er búið að skipta um teppi og sæti í bílnum hans, þá átti eftir að skipta um hurðarspjöld og hliðarklæðningu, ég var þá líka búinn að skipta um klæðningu í afturhurðum.

Ég sé eina leið að ljúka þessu máli, það er að A greiði reikning og standi við kaupin á leðurinnréttingunni.

Tjón mitt við þessa sölu er fyrst slæ ég 50.000 af innréttingunni, ég vinn 4-6 kl. frítt og borga djúphreinsun á innréttingunni upp á 18.000.- einnig fór hann fram á að fá vaxtalausán frest á að borga reikninginn sem ég samþykkti.

A tekur fram í kærinni að það vanti hurðaropnara, ef svo er þá hefur hann glatað þeim. Hurðaropnarar fóru allir frá mér og til frekari glöggvunar þá er hurðaropnari í öftustu hurð alltaf úr plasti, hinir fjórir voru krómaðir í hliðarhurðir.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að hann hefði ekki séð innréttinguna sem D hefði haft til sölu þegar hann hafi komið til C (þ.e. í fyrra skiptið) heldur hefði D sýnt sér innréttingu sem í bifreið hans hefði verið og sagt að um væri að ræða sams konar innréttingu. Þá segir álitsbeiðandi að D hefði strax í upphafi boðið sér „pakkann“ á kr. 200.000 sem hann hefði samþykkt. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa beðið um vaxtalausán greiðslufrest en málið snúist um það að hann hafi ekki fengið þá vöru sem hann hafi fest kaup á og segir um það eftirfarandi: „Sæti eru með rafmagni sem

virkar ekki eins og var lofað (sætahitararnir slá út öryggi) og hurðaspjöldin eru ekki komin í bílinn og ég fæ þau ekki til að passa og seljandinn neitar að gera eitthvað í málinu en hans aðstoð við ísetningu var forsenda kaupanna.“ Þá segir álitshafið rangt að hann hafi glatað einum hurðaropnara, hann hafi ekki opnað glæru plastpokana sem opnararnir og víraflækjan sem þeim hafi fylgt séu í, en sjái að einn krómaðan opnara vanti. Þá segir m.a. í athugasemdunum: „Eins og sést af andsvari D þá er ljóst að í upphafi var sameiginlegur skilningur á því að hann aðstoðaði mig við að koma þessu heim og saman. Hann hefði varla annars hafið þetta verk. Ef hann hefur misreiknað þann tíma sem það tekur að skipta um innréttingu í bílnum (en hann sagði það taka 2 tíma) þá er það hans mál hann er fagmaðurinn í þessu máli ekki ég.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitshafanda og C falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Aðilar ágreiningsins eru tvö fyrirtæki sem áttu viðskipti saman og fellur hann því undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins verður að skilja kaup álitshafanda svo að þau hafi náð til leðurklæðningar í E jeppabifreið en reikningur sá sem seljandi hefur gert álitshafanda er fyrir leðurinnréttingu úr 2006 E og er að upphæð kr. 200.000 sem fyrr segir. Kæruneftndinni þykir ljóst af gögnum málsins að álitshafið hafi séð þá hluti sem hann var að kaupa áður en gengið var frá kaupunum og þótt þeir kunni að hafa verið verr útlítandi en hann hafði gert ráð fyrir þá hætti hann samt ekki við kaupin. Seljandi samþykkti hins vegar að ósk álitshafanda að kosta hreinsun á a.m.k. einhverjum hlutanna. Seljanda hlaut þannig að vera ljóst hverja hluti hann var að kaupa, en samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 getur kaupandi ekki borið neitt það fyrir sig sem galla á söluhlut sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en aðilar þess hafi samið um það í viðskiptum sínum að verðið skyldi vera kr. 200.000, en deila þeirra standi um það sem nú verður vikið að.

Krafa álitshafanda um lækkun reikningsins virðist ekki beinlínis stafa af göllum á söluhlutunum nema þá að því leyti að rafmagn í sætum sé ekki í lagi og eins að einn krómaðan hurðaopnara vanti en þeir hafi átt að vera fjórir. Krafan, eins og kæruneftndi skilur hana, sýnist byggjast fyrst og fremst á því að með í kaupunum hafi átt að fylgja það að seljandi kæmi söluhlutunum að fullu og öllu fyrir í bifreið álitshafanda. Kæruneftndin álitur að álitshafið hafi ekki leitt í ljós gegn andmælum seljanda að um þetta hafi þeir samið með þeim hætti að slík krafa verði á því byggð, enda þótt seljandi kunni að hafa lofað álitshafanda aðstoð við framangreint verk og gert það að töluverðu leyti. Niðurstaða kæruneftdarinnar er því sú að ekki séu forsendur til þess að taka kröfu álitshafanda til greina á þessum forsendum. Kæruneftndin telur hins vegar ekki ástæðu til að ætla annað en það sé rétt hjá álitshafanda að einn af fjórum hurðaropnurum vanti og eins að rafmagn í sætum virki ekki. Hins vegar er óupplýst af hvaða ástæðum það kann að vera en ekki er að sjá að álitshafið telji að ekki sé hægt að tengja sætin við rafmagn heldur þurfi að lagfæra þær tengingar. Kæruneftndin telur þó engu að síður að því er

varðar þessi tvö atriði að líta verði svo á að söluhlutirnir séu ekki í því lagi sem álitsbeiðandi mátti búast við þegar kaupin voru gerð, enda gerði seljandi ekki fyrirvara þar að lútandi, og eigi álitsbeiðandi af þeim sökum rétt á afslætti af kaupverðinu, sbr. ákvæði 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000, sem sé hæfilega metinn kr. 20.000.

VII
Álitsorð

Seljanda, C ber að veita álitsbeiðanda B, kr. 20.000 í afslátt af reikningi fyrir kaup álitsbeiðanda á leðurinnréttingu, dags. 31. mars 2010.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir